

Fimmtudaginn 12. október 1989.

Nr. 23/1989. **Ólafur Ragnarsson**
 gegn
Verðbréfasjóðnum hf.

Frestur. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. janúar 1989. Áfrýjað er dómi bæjarþings Reykjavíkur, upp kveðnum 18. október 1988. Málið var þingfest í Hæstarétti 1. mars 1989. Þann dag fékk áfrýjandi frest til 2. október s.á. Er málið kom fyrir þann dag, krafðist áfrýjandi frekari frests til ágripsgerðar fram í nóvember 1989. Stefndi krefst þess, að frestbeiðni áfrýjanda verði hafnað og sér dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda, er beri dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Í greinargerð stefnda er því haldið fram, að ekki hafi verið sótt þing af hálfu áfrýjanda í héraði og hann ekki áskilið sér rétt til að bera fram nýjar kröfur og málsástæður fyrir Hæstarétti. Málskot til Hæstaréttar sé því aðeins gert í þeim tilgangi að tefja málið.

Hinn 2. október voru liðnir tæpir níu mánuðir frá útgáfu áfrýjunarstefnu í málinu, og hefur áfrýjandi ekki nýtt þann tíma til að búa mál sitt til flutnings fyrir Hæstarétti. Gegn mótmælum stefnda verður áfrýjanda ekki veittur frekari frestur. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti til stefnda ákveðst 7.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Ólafur Ragnarsson, greiði stefnda, Verðbréfasjóðnum hf., 7.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.